

Lesnir uppboðsskilmálar.

.....

R 41986 talinn eig. Gunnar Sigurjónsson, Suðurlandsbraut, seldur eftir kröfu Hilmaris Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns kr. 33.000, kaupandi Ragnar Sigurðsson, Skólavörðustíg 18, nafn-nr. 7181-2502.

Áður en bifreiðin R 41986 var seld, lét uppboðshaldari þess getið, að ágreiningur væri um eignarrétt að bifreið þessari og hugsanlegt væri þess vegna, að uppboðssölu á bifreiðinni yrði áfrýjað.

Miðvikudaginn 25. janúar 1978.

Nr. 14/1978. **Hermína Marinósdóttir**
Auður Marinósdóttir og
Hulda Marinósdóttir
 gegn
Guðbjörgu Guðnadóttur
Sigursteini Marinóssyni
Eiði Marinóssyni og
Kristjáni Torfasyni, skiptaráðanda í
Vestmannaeyjum.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Dómarafulltrúi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 4. janúar 1978, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hafa sóknaraðiljar með heimild í 1. tl. a og 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Vestmannaeyja, uppkveðinn 13. desember 1977, en sóknaraðiljar fengu vitneskju um úrskurðinn 3. janúar sl. Með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um, að hinu reglulegi skiptaráðandi í Vestmannaeyjum víki sæti sem

skiptaráðandi vegna kröfu sóknaraðilja um opinber skipti á dánarbúi Marinós Jónssonar, er lést 16. desember 1962.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hinn reglulegi skiptaráðandi í Vestmannaeyjum víki sæti í máli þessu. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja annarra en skiptaráðanda.

Af hálfu varnaraðilja Guðbjargar, Sigursteins og Eiðs er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu skiptaráðanda eru engar kröfur gerðar.

Krafa sóknaraðilja er sú, að hinn reglulegi skiptaráðandi í Vestmannaeyjum, Kristján Torfason bæjarfógeti, víki sæti. Fulltrúi bæjarfógetans, er með málið fór í skiptaréttinum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð. Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936 skal dómari úrskurða sjálfur, hvort hann víki sæti í máli. Var fulltrúa hans því eigi rétt að leggja úrskurð á slíka kröfu, þótt hann færi með málið að öðru leyti. Þykir því verða að ómerkja ex officio hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 13. desember 1977.

Sóknaraðiljar í þessum þætti málsins eru Hermína Marinós-dóttir, Auður Marinósdóttir og Hulda Marinósdóttir, en varnaraðiljar hins vegar Guðbjörg Guðnadóttir, Sigursteinn Marinósson og Eiður Marinósson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m., kom til meðferðar í skiptarétti Vestmannaeyja þann 26. maí 1977, eftir að skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum hafði borist svohljóðandi bréf:

„Samkvæmt upplýsingum embættis yðar, herra skiptaráðandi, hefur mér verið tjáð, að skipti í dánarbúi föður míns, Marinós Jónssonar, er lézt hinn 16. desember 1962 í Vestmannaeyjum, hafi ekki farið fram, svo að séð verði af bókum embættis yðar. Jafnframt hefur mér verið tjáð, að einu afskipti embættis yðar af meðferð búsins hafi verið útgáfa leyfis til móður minnar til setu í óskiptu búi. Hins vegar virðist svo sem eignir búsins séu að mestu komnar í hendur eins erfingja, og get ég ekki sætt mig við, að hlutur annarra sé skertur með þeim hætti. Því bið ég yður að hlutast til um, að skipti fari fram í framangreindu dánarbúi, svo fljótt sem verða má.

Virðingarfyllst,
Auður Marinósdóttir.“

Málavextir eru í stuttu máli þessir:

Þann 16. desember 1962 lést í Vestmannaeyjum Marinó Jónsson, Faxastíg 25 þar í bæ. Eftirlifandi maki var Guðbjörg Guðnadóttir, sama stað.

Þann 8. janúar 1963 var gerð svofelld bókun í skiptabók Vestmannaeyja:

„Ár 1963, þriðjudaginn 8. janúar, kl. 13.30, var skiptaréttur Vestmannaeyja settur í dómssalnum við Hilmisgötu og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Fr. Þorsteinssyni, með undirrituðum vottum.

Þá var tekið fyrir: að skrifa upp dánarbú Marinós Jónssonar pípulagningarmanns, Faxastíg 25, hér.

Mættur er í réttinum ekkja hins látna, Guðbjörg Guðnadóttir, Faxastíg 25, hér, f. 8. nóv. 1902. Hún var áminnt um sannsögli.

Einnig er mætt dóttir hins látna, Hulda Marinósdóttir. Ennfremur tengdasonur hins látna, Pálmi Sigurðsson, skipstjóri, og dóttir hins látna, Stefanía Marinósdóttir, og Sigursteinn Marinósson, sonur hins látna.

Hin mættu upplýsa, að Marinó Jónsson hafi verið fæddur 20. maí 1900 og andaðist 16. des. 1962. Hann kvæntist mætri Guðbjörgu Guðnadóttur 25. okt. 1924.

Þau eignuðust þessi börn:

1. Stefanía Marinósdóttir, frú, Hólagötu 18, Vm., f. 25. júní 1924.
2. Auður Marinósdóttir, frú, Sólheimum 27, Rvk., f. 5. ágúst 1925.
3. Sigursteinn Marinósson, pípulagningarmeistari, Faxastíg hér, f. 9. júlí 1927.
4. Hulda Marinósdóttir, frú, Urðavegi 34, Vm., f. 6. sept. 1930.
5. Eiður Sævar Marinósson, Faxastíg 25, Vm., f. 30. ágúst 1939.

Auk þess áttu þau einn son, sem þau misstu:

Guðna Marinósson, f. 30. des. 1935, dó 20. ágúst 1936.

Fleiri börn átti hinn látni ekki.

Mætt voru þá beðin að benda á eignir dánarbúsins. Þau segja að eignir séu þessar:

1. Húseignin Faxastígur 25, að fasteignamati	kr. 74.075.00
2. Húseignin Faxastígur 26, að undanskildu hálfu verkstæðisplani	— 79.075.00
3. Hálf bifreiðin V-244	— 24.000.00
4. Hlutabréf í Miðstöð s.f.	— 10.000.00
5. Hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands	— 3.000.00
6. Húseignin Selás 4 B, Rvk.	— 90.000.00
7. Innbú	— 30.000.00
8. Vörubirgðir	— 50.000.00

Kr. 360.150.00

Skuldir eru þessar:

Samkv. síðasta skattframtali námu skuldir kr. 294.500.00. Ekki er búið að ganga úr skugga um, hvernig skuldir hafa breyst á síðasta ári eða hvað þær nemi miklu nú í dag.

Allir eru sammála um, að búið eigi fyrir skuldum.

Mætt Guðbjörg Guðnadóttir óskar eftir að fá leyfi til setu í óskiptu búi. Hin mættu lýsa því öll yfir, að þau séu því samþykk. Skiptaráðandi lýsti því yfir, að þessi tilmæli yrðu tekin til greina, jafnskjótt og samþykki allra erfingjanna lægi fyrir.

Uppl. staðf.

Mættur var einnig Jón Hjaltason, hdl.

Guðbjörg Guðnadóttir
Stefanía Marinósdóttir
Hulda Marinósdóttir
Sigursteinn Marinósson
Pálmi Sigurðsson

Jón Hjaltason

Rétti slitið

Fr. Þorsteinsson

Vottar: Stefán Árnason

Pétur Stefánsson

Rétt endurrit staðfestir

bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum.“

Skiptaráðandinn í Vestmannaeyjum gaf síðan eftirlifandi maka svohljóðandi leyfisbréf til setu í óskiptu búi 9. janúar 1963:

„Samkvæmt framkominni beiðni og þar sem fyrir liggur samþykki lögráða erfingja, veitist hérmeð frú Guðbjörgu Guðnadótt-

ur, Faxastíg 25, Vestmannaeyjum, leyfi til setu í óskiptu búi eftir mann sinn, Marinó Jónsson, sem andaðist 16. des. sl.

Skiptaráðandinn í Vestmannaeyjum

9. janúar 1963

Fr. Þorsteinsson

fr.“

Leyfi þessu var síðan þinglýst á fasteignina Faxastígur 25 10. janúar 1963.

Eins og fram kemur af endurriti úr skiptabók Vestmannaeyja 8. janúar 1963, voru erfingjar búsins taldir vera eftirlifandi maki og 5 börn hennar og arfláta. Svo er að sjá, að á árinu 1964 eða 1965 hafi eftirlifandi maki, frú Guðbjörg Guðnadóttir, leitað til Braga Björnssonar lögfræðings, er þá starfaði í Vestmannaeyjum, og beðið hann að annast um, að skipti færu fram eftir réttum lögum. Fram hefur komið, að upptalning erfingja í skiptarétti Vestmannaeyja 8. janúar 1963, og leyfisbréfið til setu í óskiptu búi grundvallaðist á, var ekki tæmandi talin. Áður en til hjónabands kom með arfláta og eftirlifandi maka, átti arfláti barn fyrir, Hermínu Marinósdóttur, fædda 24. september 1919, og er hún ekki barn frú Guðbjargar. Ekki liggur ljóst fyrir, hver aðdragandi hafi verið að tilkalli Hermínu til búshluta úr dánarbúinu.

Samkvæmt framburði Hermínu fyrir skiptarétti Akureyrar 11. júlí sl., hefur aðdragandinn verið sá, að dóttir hennar, búsett í Vestmannaeyjum, hafi hringt til hennar, en Hermína Marinósdóttir var og er enn búsett á Akureyri, og sagt sér, að hún hefði heyrt, að fyrir dyrum stæðu skipti á búi afa hennar. Kvaðst Hermína þá hafa leitað til bæjarfógetans á Akureyri og spurst fyrir um rétt sinn. Hafi bæjarfógeti síðan aðstoðað hana við að koma kröfum sínum á framfæri. Kvaðst hún síðan oft hafa haft samband við lögfræðing þann, sem hafði með skiptin að gera. Hún kvaðst aldrei hafa skrifað undir nein skjöl, hvorki beiðni um einkaskiptagerð né skiptagerð. Hins vegar kvaðst hún ekki muna, hvort hún gaf lögfræðingnum umboð til þessa. Í fyrstu hafi lögfræðingurinn gefið sér þær upplýsingar, að eignir búsins nægðu ekki fyrir skuldum, og kveðst hún hafa beðið lögfræðinginn að taka saman allar skuldir og eignir á matsverði og gefa sér upp. Lögfræðingurinn hafi gert það og gefið sér upp í síma og jafnframt hver hlutur hennar væri. Hafi hún hins vegar ekkert fengið skriflegt um þetta. Lögfræðingurinn hafi á endanum sent sér kr. 93.000 rúmlega upp í arfahluta sinn. Ekki hafi hún litið á þetta sem lokagreiðslu, því sér hafi skilist, að eftir væri að selja fast-

eign, er búið ætti í Reykjavík. Kvaðst hún ekkert hafa frétt af þeim málum síðan og ekkert spurst fyrir um það. Eftirlifandi maki, frú Guðbjörg Guðnadóttir, sagði í skiptarétti Vestmannaeyja 28. mars sl., að á árinu 1964 eða 1965 hafi gefið sig fram erfingi, dóttir Marinós, Hermína, og komið fram krafa frá henni um, að hún fengi föðurarfinn, sem henni bæri. Sagðist frú Guðbjörg þá hafa farið fram á skipti á búinu, til þess að hún, þ. e. Hermína, fengi sitt, sem henni bæri. Hún hafi því leitað til starfandi lögfræðings í Vestmannaeyjum, Braga Björnssonar, og sagt honum frá málavöxtum og beðið hann að annast um, að skipti færu fram eftir réttum lögum, svo allir gætu fengið það, sem þeim bæri. Hafi lögfræðingurinn tekið málið að sér og hún ekki vitað annað en þar færi allt fram samkvæmt lögum. Hafi hún staðið í þeirri trú, að búið væri að skipta búinu, enda hafi lögfræðingnum verið greitt fyrir búskiptin þá nokkru seinna. Sagðist hún nú hins vegar vita, að ekkert fyndist í gögnum bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum þessu að lútandi, en af hvaða ástæðum það gæti verið, vissi hún alls ekki.

Lagt hefur nú verið fram í skiptaréttarmálinu skjal, ódagsett og óundirritað, er svohljóðandi:

„Dánarbú Marinós Jónssonar, Vestmannaeyjum

EIGNIR:

Faxastígur 25, matsverð	kr.	585.000.00
Faxastígur 26, matsverð	—	492.000.00
Vörulager skv. síðustu talningu ÷ álag. og rýrn.	—	415.000.00
Selás nýlegt brunabótamat	—	450.000.00
V-244 skv. uppskrift	—	24.000.00
Hlutabréf í Miðstöð nafnverð	—	10.000.00
Hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands nafnverð	—	3.000.00
Innbú skv. uppskrift	—	30.000.00
		2.009.000.00

SKULDIR:

Faxastígur 25

Útvegsbanki Íslands	kr.	77.000.00
Sparisjóður Vestmannaeyja	—	34.000.00

Faxastígur 26

Iðnlánasjóður	kr.	42.000.00
---------------------	-----	-----------

Selás

Útvegðsbanki Íslands	kr.	150.000.00
Skuld við Jón Einarsson, Höfðabrekku	—	20.000.00
		323.000.00
Eignir umfram skuldir	kr.	1.686.000.00
Til skipta kemur helmingur	—	843.000.00
Hlutur ekkju verður 1/3 af 843 þús.		281.000.00
Hlutur barna verður		562.000.00
		843.000.00

Hvert barn hlýtur því kr. ca 93.500.00.“

Verður nú vikið að skiptafundi í máli þessu 11. nóvember sl. Á skiptafund voru boðuð Auður Marinósdóttir, Guðbjörg Guðnadóttir, Hulda Marinósdóttir, Stefanía Marinósdóttir, Sigursteinn Marinósson, Eiður Marinósson og Hermína Marinósdóttir. Á skiptafundinum mættu frú Guðbjörg Guðnadóttir, Sigursteinn Marinósson, Eiður Marinósson svo og Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, er mætti í þágu frú Guðbjargar Guðnadóttur, Sigursteins og Eiðs Marinóssona, varnaraðilja, að því er þennan þátt málsins varðar. Auk þess mætti á skiptafundinum Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður fyrir Auði Marinósdóttur og Huldu Marinósdóttur og mætti auk þess fyrir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmann, er var forfallaður vegna veðurs, en Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður gætir hagsmuna frú Hermínu Marinósdóttur í málinu, en Auður, Hulda og Hermína eru sóknaraðiljar í þessum þætti málsins, eins og að framan greinir. Stefanía Marinósdóttir sótti ekki skiptafund og enginn af hennar hálfu. Á skiptafundinum komu fram mótmæli Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns fyrir því, að uppskrift færi fram á búinu. Sagði lögmaðurinn, að uppskrift hefði farið fram 8. janúar 1963, áður en leyfi til setu í óskiptu búí var gefið út, en fram hefði komið krafa frá Guðna Guðnasyni héraðsdómslögmanni um, að búíð yrði nú skrifað upp og eignir metnar.

Verður nú vikið að þinghaldi í máli þessu 25. nóvember sl. Í þessu þinghaldi lýsti Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður yfir, að afstaða hans umbjóðanda til málsins væri sú, að hinum reglulega skiptaráðanda bæri að víkja sæti í málinu, þar sem ljóst væri, að við uppkvaðningu úrskurðar, hvort búíð skyldi tekið til opinberra skipta eða ekki, þá yrði skiptaráðandi að taka af-

stöðu til afskipta embættisins af málinu í upphafi. Hann sagði, að krafa hans umbjóðanda væri annars sú, að búið yrði tekið til opinberra skipta, enda hefðu engin skipti farið fram.

Af hálfu varnaraðilja var því lýst yfir, að mótmælt væri, að hinn reglulegi skiptaráðandi væri ekki bær um að fara með mál þetta og engin þörf væri á að fá setuskiptaráðanda. Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður lýsti því yfir, að afstaða hans umbjóðanda væri samhljóða því, sem fram hefði komið hjá Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, að hinum reglulega skiptaráðanda bæri að víkja sæti.

Skiptaráðandi spurði sóknaraðilja, hver afskipti það væru nánar tiltekið, sem höfð væru í huga í framangreindu sambandi. Af hálfu sóknaraðilja Hermínu Marinósdóttur var því lýst yfir, að haft væri í huga, að nú þyrfti að taka afstöðu til:

Í fyrsta lagi til útgáfu leyfisbréfs til setu í óskiptu búi og í öðru lagi, að bæjarfógetaembættið hafi á árinu 1965 þinglýst athugasemdalaust afsali samkvæmt dómsskjali nr. 8. hinn 21. september 1965, enda þótt embættinu hefði mátt vera ljóst, að leyfisbréfið var haldið slíkum ágöllum, að það var í sjálfu sér ógilt. Benti lögmaðurinn á í þessu sambandi, að hugsanlegt væri, að rifta þyrfti þessu afsali, og til þess væri hinn reglulegi skiptaráðandi ófær af framangreindum ástæðum.

Af hálfu sóknaraðilja Auðar og Huldu var því haldið fram, að í 1. lagi væri leyfisveitingin til setu í óskiptu búi óheimil,

í 2. lagi hafi bæjarfógetaembættið tekið afstöðu til dánarbúsins með þinglýsingu á afsali og skuldabréfi andstætt réttindum þeirra og

í 3. lagi hafi bæjarfógetaembættið einnig tekið afstöðu til dánarbúsins með skráningu firmans Miðstöðvarinnar s/f og með þeirri skráningu hafi verið gengið freklega á rétt Miðstöðvarinnar s/f, sem tilheyri dánarbúinu.

Af hálfu varnaraðilja var því haldið fram, að sóknaraðiljar hefðu vitað um þinglýst leyfi Guðbjargar Guðnadóttur til setu í óskiptu búi 9. janúar 1963. Hefði aldrei verið þinglýst mótmælum gegn því leyfi né hreyft nokkrum mótmælum gegn ráðstöfunum með eignir hennar og hafi þannig í reynd verið viðurkenndir allir hennar gjörningar.

Af hálfu sóknaraðilja Hermínu Marinósdóttur var þessari fullyrðingu varnaraðilja mótmælt og sagt, að hún hafi aldrei vitað um þinglýst leyfi Guðbjargar Guðnadóttur um setu í óskiptu búi,

áður en mál þetta var tekið til meðferðar af þessum skiptarétti á þessu ári.

Einnig komu mótmæli af hálfu sóknaraðilja Auðar og Huldu. Var því lýst yfir, að þeim hafi ekki verið kunnugt um þinglýsta leyfið til setu í óskiptu búi. Þá var því mótmælt sérstaklega, að þeim hafi verið kunnugt um ráðstafanir á eignum búins, þar á meðal þinglýstum afsölum og skráningu á sameignarfélaginu Miðstöðinni s/f.

Af hálfu aðilja var krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Eins og fram hefur komið, byggðist leyfisveiting skiptaréttar Vestmannaeyja 9. janúar 1963 til setu í óskiptu búi til handa Guðbjörgu Guðnadóttur á tilgreiningu langlífara, Guðbjargar Guðnadóttur, á eignum og skuldum búins og tilgreiningu hennar á erfingjum. Ekkert er fram komið í málinu um, að skiptaréttur Vestmannaeyja hafi vitað um tilvist erfingjans Hermínu Marinós-dóttur, er leyfisbréfið til setu í óskiptu búi var gefið út 9. janúar 1963.

Það er meginregla í íslenskum rétti, að dómara beri að víkja sæti, ef hann fær eigi litið óhlutdrægt á málavöxtu. Ákvæði 1. til 7. tl. 36. gr. einkamálalaga eru í samræmi við þessa meginreglu. Ljóst er, að útgáfa leyfisbréfsins til setu í óskiptu búi, ein sér, veldur ekki vanhæfi hins reglulega skiptaráðanda til að fara með mál þetta nú.

Ekkert er komið fram í málinu um, að bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum hafi 21. september 1965 verið kunnugt um, að afsal, útgefið 1. ágúst 1965, var haldið slíku ágöllum, að því mátti eigi þinglýsa athugasemdalaust. Í því sambandi er einnig að geta, að ekkert er komið fram um, að bæjarfógetaembættinu hafi á þessum tíma verið kunnugt um hugsanlega ágalla leyfisbréfsins. Skal og bent á, að ekkert kemur fram í málinu um það, að langlífari, Guðbjörg Guðnadóttir, hafi nokkurn tíma leitað eftir einkaskiptum til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum né að slík tilmæli hafi komið frá erfingjum, sbr. II. kafla erfðalaga.

Vanhæfi hins reglulega skiptaráðanda er því eigi til staðar varðandi þetta atriði. Þá er hinn reglulegi skiptaráðandi eigi vanhæfur til að taka afstöðu til þess, hvort rifta eigi afsali þessu nú í þágu dánarbúsins. Þinglýsing afsalsins hjá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum, ein sér, getur enn fremur á engan hátt valdið slíku vanhæfi.

Skráning firmans Miðstöðvarinnar s/f í firmaskrá Vestmannaeyja getur eigi valdið vanhæfi hins reglulega skiptaráðanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst framangreind krafa sóknaraðilja, Hermínu Marinósdóttur, Auðar Marinósdóttur og Huldu Marinósdóttur, um, að hinum reglulega skiptaráðanda beri að víkja sæti í máli þessu, eigi hafa við rök að styðjast og verður því eigi tekin til greina.

Málskostnaður verður eigi dæmdur.

Jón Ragnar Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðilja, Hermínu Marinósdóttur, Auðar Marinósdóttur og Huldu Marinósdóttur, um, að hinum reglulega skiptaráðanda beri að víkja sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Málskostnaður dæmist ekki.

Fimmtudaginn 26. janúar 1978.

Nr. 50/1976. **Hafnarsjóður Seyðisfjarðar**

(Vilhjálmur Árnason hrl.)

gegn

Ísbirninum h/f og

Hafsíld h/f

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Stjórnsýsla. Hafnargjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 5. mars 1976. Krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum 1.711.655 krónur með 13% ársvöxtum frá 30. apríl 1975 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsókn-